



# Reglugerð HSÍ um kjör á handknattleiksfólki ársins í Íslandsmóti

## 1. gr. Almenn

Kjör á handknattleiksfólki ársins fer fram árlega í lok hvers Íslandsmóts.

## 2. gr. Kjörgengni

Kjörgengir eru leikmenn þeirra félaga sem sæti eiga í hverri deild fyrir sig.

Hvert félag hefur 16 atkvæði í leikmannakjöri og 1 atkvæði í þjálfarakjöri. Formenn handknattleiksdeilda viðkomandi félaga bera ábyrgð á að kjörið fari fram samkvæmt reglugerð þessari.

## 3. gr. Tímamörk

HSÍ skal senda atkvæðisseðla út fyrir síðustu umferð í deildarkeppninni. Kjörseðlum skal skilað til skrifstofu HSÍ fyrir upphaf úrslitakeppni.

## 4. gr. Kosning

Kjósa skal um besta leikmann, besta varnarmann, besta sóknarmann, besta markvörð, efnilegasta leikmann og besta þjálfara í meistaraflokkum karla og kvenna í hverri deild fyrir sig. Einnig skulu leikmenn kjósa besta dómaraþarið og þjálfarar úrvalsdeilda kjósa mikilvægasta leikmann úrvalsdeilda karla og kvenna. Leikmenn sem taka þátt í kjörinu skulu aðeins rita eitt nafn í hverjum flokki á atkvæðisseðilinn, og nafns þess félags sem þeir leika með. Þátttakendur í kosningunni hafa rétt til þess að skila auðu.

Aðeins má greiða þeim atkvæði í kosningunni sem leika með íslenskum félagsliðum.

Leikmenn hafa ekki rétt á að tilnefna leikmann úr félagi sínu í kosningunni en eru að öðru leyti óbundnir með val sitt.

## 5. gr. Skil á atkvæðisseðlum

Að loknu kjörinu skal þátttakandi í kosningunni setja atkvæðisseðilinn í lokað umslag og koma því til forráðamanns liðs síns. Sá sem tekur við atkvæðisseðlunum fyrir félag sitt skal skila öllum seðlum félags síns í einu til skrifstofu HSÍ. Hann skal einnig skila þeim seðlum sem ekki hafa verið notaðir, þ.e. ef einhver kys ekki að taka þátt í kosningunni. Skal skila seðlum fyrir þann dag sem skrifstofa HSÍ tilkynnir er hún dreifir seðlum. Berist seðlar eftir þann tíma hefur skrifstofa HSÍ fullan rétt til þess að úrskurða þá ógilda.



## **6. gr. Eftirlit**

Skrifstofa HSÍ hefur rétt á að ganga úr skugga um að farið hafi verið að þeim reglum sem um getur í málsgreininni hér á undan en er bundin þagnarskyldu um val einstakra leikmanna.

## **7. gr. Tilkynning**

Skrifstofa HSÍ ákveður með hverjum hætti hún tilkynnir úrslit kosninganna en stefnt er að því að það skuli gert í lokahófi handknattleiksfólks ár hvert.

## **8. gr. Sigurvegari**

Sá sem hlýtur flest atkvæði í kjörinu hlýtur sigrar.

Verði tveir eða fleiri jafnir í kosningunni fer fram hlutkesti.

## **9. gr. Farandbikar**

Þeir sem hljóta kosningu ár hvert fá því til staðfestingar verðlaunagrip til eignar. Auk þess fá bestu og mikilvægustu leikmenn úrvalsdeild karla og kvenna farandgrip .. Skrifstofa HSÍ skal sjá til þess að nafn sigurvegara sé hverju sinni grafið eða lettrað á verðlaunagripinn og skal HSÍ standa straum af þeim kostnaði sem af því hlýst.

Þeir sem hljóta farandgrip skuldbinda sig til þess að skila honum á skrifstofu HSÍ eigi síðar en 30 dögum áður en kjör fer fram að nýju. Viðkomandi skuldbinda sig einnig til þess að varðveita gripina vel og skila þeim í góðu ásigkomulagi.

## **10. gr. Gildistaka**

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi kjör á handknattleiksfólki ársins.

*Samþykkt af stjórn HSÍ 10. júní 2020.*